

Mánudagur 2. mars 2020

Fundur í stjórn Landbótasjóðs. Allir aðalmenn mættir Eiríkur Kjerúlf, Einar Sveinn Friðriksson og Anna Bryndís.

Fundur hófst kl. 20.

1. Formaður auglýsti eftir styrkumsóknum eins og undanfarin ár, svohljóðandi :

Landbótasjóður Fljótaldshrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til landbótaverkefna 2020. Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur liggja frammi á skrifstofu hreppsins og á heimasíðunni [www. fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is).

Skilafrestur umsókna er 27. febrúar og sendist merkt: Landbótasjóður Fljótaldshrepps, Végarði , 701 Egilsstaðir.

Stjórnin

2. Afgreiðsla umsókna um landbótastyrki. Prettán umsóknir bárust.
Eftirtaldar umsóknir bárust:

Arnheiðarstaðir, Eiríkur J. Kjerúlf	846.000,-
Bessastaðagerði, Guðmundur Pétursson	1.436.908,-
Brekka, Hallgrímur Þórhallsson	885.000,-
Brekkugerði, Jóhann F. Þórhallsson	810.000,-
Droplaugarstaðir, Lárus Heiðarsson	400.000,-
Eyraryland, Jóh. Þorvarður Ingimarsson	557.640,-
Hrafnkelsstaðir, Hjörtur E. Kjerúlf	924.790,-
Melar, Eyjólfur Ingvason	387.780,-
Skriðuklaustur, Anna Bryndís	480.000,-
Vallholt, Hjörtur E. Kjerúlf	729.670,-
Valþjófsstaður 2, Friðrik Ingi Ingólfsson	519.392,-
Víðivallagerði, Þorsteinn Pétursson	669.000,-
Víðivellir fr, Jósef Valgarð Þorvaldsson	<u>1.015.000,-</u>
Alls	9.661.180,-

Styrkumsóknir eru 1.451.304 kr. umfram þær 8.209.876 kr. sem áætlaðar eru á þessu ári til úthlutunar eða 17,7% umfram.

Enginn fær hærri styrk en 800 þús (eða 9,8 % af úthlutun). Umsóknir undir 450. þús eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 4,7 % til 9,8%.

Ákveðið að greiðsla fyrir vélavinnu verði 10.000,- kr. og að greiðsla fyrir manninn verði 4.500,- á tímann. Óbreytt frá fyrra ári.

3. Fljótaldshreppur styrkti sjóðinn um 10.000.000,- . Stjórn samþykkti að bæta upphæðinni við höfuðstól en úthluta henni ekki strax á þessu ári eins og heimild hefði verið .

4. Drög að ársreikningi 2019 skoðuð. Engin athugasemd gerð. Formanni falið að undirrita staðfestingarskrif til endurskoðenda Deloitte , Egilsstöðum.
5. Önnur mál

Sú hugmynd hefur kviknað að sækja um peninga til Alcoa, Reyðarfirði. Formaður hefur kynnt sér aðeins möguleika á styrk og hvernig standa þurfi að umsókn. Áveðið að undirbúa og jafnvel sækja um á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:15

Eiríkur J. Kjerúlf , formaður (sign)
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri (sign)
Anna Bryndís , ritari (sign)